

Nesfréttir

NÓVEMBER 2020 • 11. TBL. • 33. ÁRG. • www.borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

TRÍÓ
PIZZUR MÁNAÐARINS

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



HATTI RE
Tilvalinn fyrir jóladagatalið!

HAPPA ÞRENNAN
Stemmtátt og skálf!

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

Fjórar umhverfisviðurkenningar veittar í ár

Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitti á þessu ári viðurkenningar fyrir fagran garð, snyrtilegan frágang lóðar, eldra uppert hús og falleg tré.

Að þessu sinni voru veittar fjórar umhverfisviðurkenningar fyrir árið 2020. Viðurkenningu fyrir endurbætur á húsi fékk húsfélagið á Kirkjubraut 1 sem sjá má hér að ofan. Viðurkenningu fyrir snyrtilega götuumynd fékk Lindarbraut 5. Garður ársins var valinn við Sólbraut 14 og tré ársins eru á horni Suðurstrandar og Lindarbrautar 1. *Sjá nánar á bls. 6.*

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30

KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst itrustu kröfur.



Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnurnum annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Smáviðgerðir

Samhlöða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



TJÓNVIÐGERÐIR

Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Góð tíðindi

Höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins verða í húsinu sem byggt var yfir lækningaminjasafn á safnasvæðinu á Seltjarnarnesi. Eftir að bygging þess steytti á skeri hefur húsið staðið ófullklárað og að mestu autt um tíma.

Vandi var að finna húsinu verðugt hlutverk. Hlutverk sem félli að staðsetningu þess og ímynd nánasta umhverfis.

Nú hafa samningar tekist um að Náttúruminjasafnið flytjist þangað. Með því er einnig annar vandi leystur. Náttúruminjasafnið hefur verið á hrakhólum um langt skeið. Eiginlega aldrei átt sér samastað.

Með tilkomu Náttúruminjasafnsins verður til heilstætt safnasvæði. Náttúrmynjasafn, Nesstofa þar sem sagan er við hvert fótmál og Lyfjaminsafnið mynda heild.

Mikil nánd er við náttúruna. Við hafið, ströndina, fjöruna, Bakkatjörn og friðlýst svæði í Gróttu. Þessi námd styrkir staðsetningu safnsins.

Ólíklegt má telja að reist verði íbúðabyggð að bæjardyrum safnasvæðisins eða á vestursvæðum Nessins um ókomin ár. Koma Náttúruminjasafnsins á Seltjarnarnes eru góð tíðindi.

Veitingaþjónusta í Ráðagerði

- breyta þarf deiliskipulagi



Ráðagerði er á norðvestan verðu Seltjarnarnesi.

Fyrirhugað er að heimila veitingaþjónustu í Ráðagerði. Um yrði að ræða veitingastað þar sem starfsemi verði ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu. Um áfengisveitingar yrði að ræða en ekki með háværrri tónlist eða starfsemi sem ekki myndi kalla á mikið eftirlit eða löggæslu. Vegna þess að opna fyrir veitingasölu þarf að breyta aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir Ráðagerði.

Í núgildandi aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar frá 21. febrúar 2017 er Ráðagerði innan íbúðarsvæðis ÍB-10 sem er Bygggarðasvæðið. Í skipulaginu er mörkuð stefna um

að innan íbúðarsvæða sé ekki gert ráð fyrir veitingastöðum og því nauðsynlegt að breyta stefnu um landnotkun til þess að slík starfsemi geti verið heimil í húsinu. Tillaga um breytingu á aðalskipulagi mun fela í sér afmörkun nýs reits í flokki verslunar og þjónustu, sem nær utan um húsið og svæði fyrir bílastæði norður af húsinu, að Norðurströnd. Lóð fyrir Ráðagerði er þegar skilgreind í gildandi deiliskipulagi en tilgreindri notkun lóðarinnar verður breytt í veitingahús í flokki II.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir
krossar á leiði!

3ja ára
ábyrgð



JS LJÓSASMIÐJAN
VÆLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÆLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi
s. 551 1266 | utfor@utfor.is
utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM
ALLAN SÓLARHRINGINN

Kjötkompaní

NAUTALUND
WELLINGTON

Munið að þanta tímanlega

kjotkompani.is/jolin

STKOMPANÍ 101
GRANDI

ESTD 2008
Hágreiða
— KIÖTVÖRUR —
100% Bændi
www.kjotkompani.is

Hafnarfjörði & Grandi

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Tekist á um fráveitumálin

Fundargerð 141. fundar Veitustofnunar var á dagskrá síðasta fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar. Í bókum bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar segir m.a. að einfalda fráveitukerfið á Seltjarnarnesi taki við skólpi úr klósettum, sturtum og vöskum. Þetta einfalda fráveitukerfi fyllist þegar rigni og þá dæli yfirfallslagnir óhreinsuðu skólpi út í sjó.



Í bókuninni er m.a. vitnað til bókunar umhverfisnefndar frá 13.11.2019 þar sem segir að mikilvægt sé kannaðir verði möguleikar til að fanga þetta vatn og koma í veg fyrir að það fari í fráveitukerfi bæjarins. Það væri unnt að gera með því að innleiða blágrænar ofanvatnslausnir. Lagt er til að ráðnir verði sérfræðingar til að meta þetta fyrir einstaka hverfi og að verkefnum verði forgangsraðað og unnið samkvæmt þeirri forgangsroðun á næstu árum.

Í bókun Ásgerðar Halldórsdóttur bæjarstjóra er því hafnað að fráveitumálin séu í ólestri. Þar segir m.a. að veitustjórn hafi strax fengið utanaðkomandi sérfræðing til að skoða fráveitukerfi bæjarins eftir að bréf frá Heilbrigðiseftirlitinu barst. Veitustjórn hafi strax tekið fyrir viðkomandi bréf og óskaði eftir fresti sem og upplýsti Heilbrigðiseftirlitið að málið væri komið í ferli. Nú liggja fyrir tillögur frá sérfræðingum, sem unnið hafa með starfsmönnum bæjarfélagsins að endurbótum.

Viðaukar samþykktir

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun að upphæð kr. 55.250.000. Hækkunin er vegna launabreytinga skv. nýjum kjarasamningum. Einnig auknar tekjur að upphæð kr. 55.250.000 samhliða sem eru vegna aukinna útsvarstekna í kjölfar kjarasamninga. Ekki verður um kostnaðarauka að ræða segir í fundargerð bæjarstjórnar.



Bæjarstjórn hefur einnig samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun vegna breytinga á áætlun frá Jöfnunarsjóði að upphæð kr. 42.200.000. Viðaukinn er vegna lækkunar framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna útgaldajöfnunarframlaga. Tekjuskerðingu þessari skal mæta með lækkun á handbæru fé um sömu fjárhæð.



Tillaga Andrúms arkitekta að leikskóla á Seltjarnarnesi.

Leikskólamálin að komast í gang

- lýsing á breyttu aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi til kynningar

Leikskólamálið er að komast í gang. Á síðasta ári voru kynntar hugmyndir um nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi á horni Suðurstrandar og Nesvegur. Á þeim stað sem núverandi leikskólabyggingar eru staðsettar. Skipulagsbreytingar eru nú til kynningar.

Upphaf málsins er að bæjarráð Seltjarnarnesbæjar ákvað fundi sínum 30. nóvember árið 2017 að skipa starfshóp til að skoða og koma með tillögur að því með hvaða hætti því markmiði bæjarstjórnar verði náð að taka inn börn frá 12. mánaða aldri á leikskóla bæjarins. Bæjarstjóra var falin eftirfylgni við málið. Starfshópurinn kom saman til fimm funda þar sem ýmsir kostir voru skoðaðir með hliðsjón af því að koma til móts við þörf fyrir allt að 300 leikskólaláss frá árinu 2022. Niðurstaða starfshópsins var að leggja til byggingu á nýjum leikskóla sem mætir umræddri þörf. Síðan var ákveðið að efna til samkeppni um málið. Alls bárust 27 áhugaverðar tillögur í keppnina og voru fjórar þeirra valdar áfram í seinna þrep. Niðurstaða dómnefndar var að veita Andrúms arkitektum fyrstu verðlaun í keppninni en í dómnefndarálti stendur um vinningstillöguna. Vegna fyrirhugaðrar byggingar leikskóla þarf að breyta aðalskipulagi og gera nýtt deiliskipulag fyrir leikskólareit. Gerð hefur verið lýsing, þar sem fyrirætlunum og staðháttum er lýst. Bæjarstjórn samþykkti þann 28. október sl. að kynna lýsingu á breytingu á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags. Hægt er að kynna sér lýsinguna á heimasíðu bæjarins undir liðnum skipulagsmál – fréttir af skipulagsmálum. Einnig er hægt að nálgast lýsinguna hjá sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs á skrifstofu hans að Austurströnd 1, Seltjarnarnesi, samkvæmt samtali við hann þar sem aðgengi að skrifstofu er takmarkað sem stendur.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN




Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Við erum til staðar til að leysa úr málum með þér

Þú getur alltaf haft samband við okkur í síma eða á netinu þótt við höfum takmarkað aðgengi að útibúum tímabundið. Ef þú þarft að heimsækja útibú eða Fyrirtækjamiðstöð getur þú pantað tíma á landsbankinn.is en við hvetjum viðskiptavini til að nýta sér rafræna þjónustu eins og hægt er. Þannig vinnum við saman að því að þú getir áfram gengið að allri þinni þjónustu þótt hún sé með breyttu sniði.



Umhverfisviðurkenningar 2020

Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitti fjórar umhverfisviðurkenningar í október sl. Að þessu sinni voru veittar viðurkenningar fyrir garð ársins, tré ársins, sérstök verðlaun fyrir snyrtilega götummynd og vel heppnaðar endurbætur á eldra húsnaði.



Garður ársins var valinn Sólbraut 14. Garðurinn er vel hirtur, gróskumikill með fjölbreyttu tegundavali. Eigendur eru Kristín Karólína Þorgeirsdóttir og Sigurgeir Magnússon.



Verðlaun fyrir snyrtilega götummynd fékk Lindarbraut 5. Eigendur eru Gunnar Viðar Guðmundsson og Péturína Ólöf Þorsteinsdóttir.



Tré ársins eru glæsilegar aspir sem mynda skemmtilega heild í götummynd á horni Suðurstrandar og Lindarbrautar 1. Eigendur eru Anna María F. Gunnarsdóttir og Friðrik G. Friðriksson.

Göngubrautir á göngustíga



Zebra göngubrautum hefur verið komið fyrir á göngustígnum sem liggja frá kirkjunni að Hofgördum á Seltjarnarnesi.

Brautirnar eru gerðar til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og hafa nú verið settar zebra gangbrautir á allar strandirnar þar sem göngustígurinn frá kirkjunni að Hofgördum þverar göturnar. Ökumenn eru ennfremur minntir á að hámarks hraði í þessum götum er 30 km. eins og í öðrum íbúðagötum bæjarins.



aurum
BY
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | www.aurum.is

FRÍ HEIMSENDING HEIM AÐ DYRUM

Hér er gott að vinna og búa

“Viltu mjólk í kaffið,” spyr Iris Gústafsdóttir sem hefur starf-rækt hársnyrtistofuna Salon Nes frá árinu 2005 að hún festi kaup á stofunni, þegar tíðindamañn Nesfréttar bar að garði. Hún hefur haldið á skærum í um fjóra áratugi. Einnig valið, kynnt og selt hársnyrtivörur af ýmsum gerðum auk starfa á líkamsræktarstöð um tíma. Hún lauk hársnyrtinámi árið 1980 og hefur vart fallið verk úr hendi síðan. Þau eru mörg höfuðin sem hún hefur farið um með skærum og notið snyrti-meðferðar hjá henni. Hún kveðst hafa klippt heilu fjölskyldurnar og fastir viðskiptavinir séu henni tryggir því öllu máli skipti að fólks sé ánægt með þjónustuna. Hún segir að til að byrja með hafi konur einkum sótt hársnyrtistofuna en nú hafi kynjahlutfallið jafnast. “Í dag klippi ég konur til jafns við karla. Jafnréttinu er náð,” segir þessi hressa kona og bætir við að tíðindamaðurinn fái enga mjólk í kaffið.

Iris er ættuð af Skaganum. Fædd á Akranesi 24. september 1960. Hún ólst þar upp með foreldrum sínum fyrstu sjö ár ævinnar en fjölskyldan fluttist til höfuðborgarinnar í júní 1967. Móðir Irisar var Jóna Alla Axelsdóttir frá Akranesi fædd 1937 og dáiñ 1996. Faðir hennar var Gústaf Þór Einarsson. Reykvikingur fæddur 1936 og fallinn frá 2013. Iris segist tilbúin að verða fjörgömull ef börnin þoli sig svo lengi. “Í mars á þessu ári náði ég sama aldri og mamma var þegar hún féll frá. Ég ætti að vera þakklát fyrir það en ég held að ég eigi mikið eftir,” segir Iris og hlær. Börnin sem hún vill að þoli hana í áratugi í viðbót eru dóttirin Alexandra fædd 1994 og svo bræðurnir Daniel og Axel Allan sem eru fæddir 2004 og 2005.

Í bárujámshúsi við Þórsögðu

“Þabbi var smiður. Hann fór að byggja yfir okkur Látraströnd 12 sem er raðhús á Seltjarnarnesi og varð æskuheimili mitt. Hann taldi hentugra að búa hér syðra en upp á Skaga. Þetta var löngu fyrir tíma Hvalfjarðarganganna og því þó nokkur leið fyrir Hvalfjörð sem fara þurfti á milli eða þá að sigla með Akraborginni. Nokkurn tíma tók að byggja og á meðan bjuggum við í pínulitlu bárujámshúsklæddu húsi efst við Þórsögðuna – nánar tiltekið númer 24. Þar vorum við í



Fjölskyldan samankomin í myndatöku. Aftasta röð. Synirnir Daniel og Axel Allan. Iris er á milli þeirra. Miðröð. Dóttirin Alexandra Jóna og tengdasonurinn Gunnar Örn Gíslason. Fremsta röð. Ömmubörnin. Aníta Rós 5 ára og Gísli Hrafn 3 mánaða.

Mynd: Erling Ó. Aðalsteinnsson.

um eitt ár frá júní 1967 til júní 1968 en gátum þá flutt á Látraströndina. Á þessum tíma var verið að byggja Hallgrímskirkju og margt var öðruvísi í umhverfinu en nú er orðið. Þórsögata er til dæmis löngu orðin svonefnd vistgata – sú fyrsta sem skipulögð var með þeim hætti í Reykjavík.”

Fjaran var leiksvæði

Hvernig var að koma á Látrastöndina? Iris er fljót til svars. “Gott og gaman að segja frá því að þarna voru byggð sjö raðhús eða sjö íbúðarhús í röð. Þegar við komum þangað var aðeins búið að byggja húsin númer tvö og fjögur á öðrum endanum og 12 og 14 á hinum. Það vantaði númer sex, átta og tíu en þau hús komu fljótlega. Gatan fyrir neðan var ekki komin og þetta var ævintýrasvæði fyrir átta ára barn sem var alið upp á Akranesi. Fjaran var aðal leiksvæði okkar krakkanna og útiveran mikil. Við bjuggum þarna í 16 ár. Frá því

ég var átta ára til 24 ára. Foreldrar mínir skyldu og ég flutti með mömmu út á Tjarnarból. Þá var ég að bíða eftir íbúð sem ég var búin að festa kaup á hjá Bygging við Austurströnd. Ég þurfti að bíða eftir íbúðinni í þrjú og hálf ár því húsin voru lengi í byggingu. Ég skrifaði undir kaupsamninginn í apríl 1982 og flutti inn 6. desember 1985. Þetta voru mörg hús og ekki rifin upp á hálfu ári eins og gert er í dag.”

Bókhaldslíf hefði orðið of svarthvít

Eftirtektarvert er hversu vel Iris hefur allar dagsetningar og tölur á hreinu. Hefði hún ekki verið efni í bókhaldara eða endurskoðanda fremur en fara í hársnyrtinn? “Ég hef alltaf haft gaman af tölum og einhvern veginn hafa þessar ár- og dagsetningar sest fastar í hausnum á mér. Nei – ég held að ég hefði ekki orðið góður endurskoðandi eða notið mín við það þrátt fyrir að vera minnug á tölur. Ég held að

bókhaldslíf og endurskoðun hefði orðið of svart hvítt líf fyrir mig. Ég hef þurft meiri fjölbreytileika og þá gefur hársnyrtingin ágæt tækifæri. Bæði við að kynnast straumum og stefnum, góðum snyrtivörum og síðast en ekki síst öllum þeim samskiptum við fólk sem starfið býður upp á. Þau hafa verið og eru mér mikils virði. Hluti af vinnunni er að eiga samskipti við fólk. Spjalla við það. Kynnast því og hafa gaman af.”

Annaðist mömmu – álag en sé ekki eftir því

“Ég bjó á Austurströnd 4 í áratug. Ég var ein fyrstu níu árin en svo fæddist dóttir mín 1994 og við vorum tvær saman síðasta árið. Mamma var flutt á Eiðistorg 9. Hún greindist með MND sjúkdóm 1988. Hún þurfti mikla aðstoð síðustu árin og ég var mikið hjá henni með stelpuna. Ég man að ég keypti barnarúm áður en stelpa fæddist. Rúmið fór aldrei heim til

mín heldur til mömmu því ég svaf heima hjá henni flestar nætur á bedda frá IKEA. Í nóvember 1995 keyptum við mæðgur saman íbúð á Eiðistorgi 5 en mamma var þá orðin rúmliggjandi vegna sjúkdómsins sem lagði hana á átta árum. Hún fékk ágæta aðstoð. Bæði frá heimahjúkruninni á Seltjarnarnesi og víðar. Það komu hjúkrunarkonur heim til hennar kvölds og morgna og hún fékk ákveðna dagþjónustu eftir að hún hafði tapað hreyfigetunni. Ég gat því unnið úti. Þetta var engu að síður ákveðið álag fyrir mig en ég sé ekki eftir einni mínútu af þeim tíma sem ég nýtti til að aðstoða hana og annast." Iris er enn á Eiðistorginu. "Ég er búin að vera þar í 24 ár. Þannig er heimilisaga mín en ég neita því ekki að þegar ég frétti að æskuheimili mitt væri til sölu fór um mig fiðringur. Mig langaði til að eignast húsið aftur. Ég hef alltaf litið á Látraströnd 12 sem heimili mitt og sakna hússins. Þar eru rætur mínar og í mínum huga er mikið eftirsjá eftir æskuheimilinu. En að kaupa það hefði þýtt skuldbindingu sem ekki hefði verið nægilega skynsamleg af minni hálfu."

Hjúkrun, flugfreyja eða hársnyrtir

Iris segist eiga hefðbundna skólasögu á Nesinu. "Ég fór í Mýró 1968 og Való þegar hann opnaði 1974. Útskrifaðist þaðan vorið 1977. Ég hugsaði mikið um hvað mig langaði til að gera. Ég hafði áhuga á hjúkrun og einnig kitlaði mig að verða flugfreyja. Ég er ekki fædd inn í hársnyrtunguna en mamma talaði oft um hversu gott væri að eiga dóttur sem væri hárgreiðslukona vegna þess að þá gat ég sinnt hári hennar þegar hún varð rúmliggjandi og komst ekki út. Þannig að hún var alltaf fín. Hún vildi að ég færi þá leið og ég hlýddi eins og góð dóttir. Mér sýnist af því að ég hljóti að hafa verið nokkuð meðfærilegur unglingur."

Var ein af þeim heppnu

Iris minnst starfskynningar í Való. "Síðasta veturinn minn í Való var starfskynning í skólanum. Þar á meðal var verið að kynna klippingu og hársnyrtingu. Ég spjallaði við fólk sem kom til þess að kynna hana. Þau vöktu áhuga minn á faginu, sem endaði með því að ég sótti um nám í því. Alls sóttu um 150 manns um það ár og 50 komust að. Ég var ein af þeim og verð að teljast heppin. Á þeim tíma var námið enn tvískipt. Annars vegar rakaraðn og svo dömuklippingar. Af þeim 50 sem komust þetta ár inn í skólann var einn strákur. Hann fór í rakarann. En nú er löngu

búið að sameina námið í eina hársnyrtideild og kynjahlutfallið er nokkuð jafnt. Ég lærði síðan á stofu hjá Helgu Jóakimsdóttir. Hún var meistarin minn."

Til Nesodden

Þegar hársnyrtináminu lauk lagði Iris lykkju á leið sína. Hún fór um tíma til Noregs. "Ég fór til Noregs. Til Nesodden sem er bær á tanga sem gengur norður eftir Óslóarfirðinum með tengingu við austurströnd hans. Þangað er um 20 mínútna sigling frá Ósló. Nesodden er vinabær Seltjarnarnesbæjar og pabbi þekkti Norðmenn þarna í gegnum Kiwanisstarfið. Ég hafði áður farið

til Nesodden. Það var árið 1976. Þá fóru 16 krakkar af Seltjarnarnesi þangað og bjuggu á heimilum fólks í bænum. Konan sem ég bjó hjá hefði orðið 100 ára á þessu ári hefði hún lifað. Ég fór þangað aftur um vorið 1980 og starfaði þar í þrjá mánuði en kom svo til baka og fór aftur til starfa á stofunni hjá Helgu Jóakims. Nesodden er fallegur bær og mér fannst frábært að vera þar. Ég hef alltaf haldið góðu sambandi við fólk sem ég bjó hjá þar ytra."

Í tveimur vinnum

"Í maí 1982 þurfti ég að byrja að greiða inn á kaupsamninginn við Bygging og vantaði peninga. Á þessum tíma var ég farin að æfa

líkamsrækt. Var búin að stunda æfingar í meira en eitt ár. Við tókum þátt í vaxtarræktarsýningu í Háskólabíó í nóvember 1981. Hún heppnaðist vel. Það var gaman og ákveðið var að halda keppni í vaxtarrækt árið eftir. Hún fór fram á Broadway í maí 1982. Eftir það var mér boðin vinna við Æfingastöðina við Engjahjalla í Kópavogi. Ég sló til og var þar í um tvö ár. Ég skyldi þó aldrei við hárið. Ég hélt mér við með því að vinna á stofu. Ég var eiginlega í tveimur vinnum þennan tíma. Eftir það fór ég aftur á fullt að klippa og snyrta hár.

Framhald á bls. 10



Dekraðu augun

Augnhvílan getur minnkað þreytu í augum, hvarmabólgu og haft jákvæð áhrif á augnþurrk, vogris, rósroða í hvörmum/augnlokum og vanstarfsemi í fitukirtlum.



Augnhvílan er auðveld í notkun, hún er einfaldlega hituð í 30 sekúndur í örbylgjuofni og lögð yfir augun í 10 mínútur.


provisión


Fæst í helstu apótekum og Eyesland gleraugnaverslunum

Framhald á bls. 8-9.

Ég fór að vinna á Salon Paris í Hafnarstræti 1984. Var þar í um þrjú og hálf ár þar til að ég opnaði mína eigin stofu í febrúar 1988. Hún var í Hafnarstræti 16 í liðlega 200 ára gömlu húsi með mikla sál en árið 1999 þurftum við að flytja. Þá greip ég til þess ráðs að leigja mér stól á stofu í Pósthússtrætinu. Ég var þar í 14 mánuði því mér

fannst að ég þyrfti að vera í miðbænum og vissulega var gaman að vinna þar. Um sumarið 2000 voru stöðumælasektir hækkaðar og þá fór maður að taka eftir að sumt fólk vildi forðast miðbæinn.”

Vann fyrir peningunum

Þá fórstu að horfa út á Nes – til heimkynnanna. “Þegar þarna er komið sögu var ég búin að vera

ellefu og hálf ár í Hafnarstrætinu og eitt og hálf í Pósthússtrætinu. Dóttir mín var orðin sex ára og byrjuð í skóla. Þá vildi ég færa vinnustofuna nær heimili mínu. Óskar Friðþjófsson var þá með stofu við Austurströnd númer 12. Ég hafði samband við hann um hvort ég gæti leigt pláss hjá honum. Hann vildi heldur fá mig í vinnu sem launþega. Ég hugsaði mig um. Á meðan fór hann til Flórída þar sem hann veiktist og féll frá aðeins 58 ára að aldri. Börn Óskars sáu um reksturinn til að byrja með. Það hentaði mér vel að vera svo skammt frá Eiðistorginu. Ekki síst út af stelpunni. Ég sló til og vann hjá þeim um tíma. Þau sáu um reksturinn en ég vann fyrir peningunum.”

Tíu mánuðir á Spáni

“Ég var búin að vinna hér á stofunni í tæp tvö ár þegar ég ákvað að taka nokkra lykkju á lífið. Breyta aðeins til. Upplifa eitthvað annað. Eitthvað meira framandi. Ég tók ákvörðun. Ég pakaði heimilinu niður að öðru leyti en því sem ég gat sett í fimm ferðatöskur. Leigði íbúðina og hélt til Spánar með dóttur mína. Við fórum til Torremolinos sem er á Suður Spáni og vorum þar í tíu mánuði. Dóttir mín fór í skólann. Fór í þriðja bekk þar sem hún lærði spænsku. Við lifðum spart enda markmiðið að geta lifað af leigunni heima. Ég var 42 ára og búinn að starfa allan minn starfsaldur við hársnyrtingu. Ég tók að mér að gæta tveggja hunda sem voru í eigu íslenskrar konu á Torremolinos. Stundum fannst mér þetta óraunverulegt. Vaknaði á nóttunni og hugsaði um hvað ég væri að gera. En þetta varð ógleymanlegur tími. Svo komu jólin. Fjölskylda mín hér heimi vildi að við skryppum heim. Koma í hangikjötið og uppstúfið. Það var meðal annars stungið upp á því að í stað þess að gefa okkur mæðgum jólagjafir yrði safnaði í flugmiða fyrir okkur. Fram og til baka því ég ætlaði mér að vera lengur. Ég afþakkaði því ég vildi prufa að halda jólin annars staðar fyrst ég var komin til annars lands. Ég neita því ekki að það var aðeins einmanalegt að halda jólin víðs fjarri skyldfólki mínu. Við

mæðgurnar höfðum bara hvor aðra. Ég hafði aldrei gert það og vissi ekki alveg hvað tilfinningar það myndi laða fram. Ég keypti svínahrygg og reyndi að matbúa hann samkvæmt íslenskum hefðum. Þetta varð ekki alvöru hamborgarhryggur eins og við vorum vanar að heiman en ágætismatur. Við höfðum það gott um jólin og ég dáðist dálítið að hugrekki mínu að vera ein með barnið. Ég var líka vör við að ættingjar mínir og kunningjafólk fannst ég vera hugrökk að gera þetta. Ekki bara að láta mig dreyma. Heldur að framkvæma drauminn. Ein með barnið. En þá voru aðrir tímar. Þetta hefði ekki þótt eins eftirtektarvert í dag. En var mjög gaman.”

Með hálf spænskan dreng undir belti

Svo komstu heim? “Ég kom heim eftir tíu mánuðina. Ekki alveg ein því auk dóttur minnar bar ég lítinn hálfspænskan dreng undir belti sem ég fæddi í janúar 2004. Ekkert varð meira úr sambandi mínu við barnsföðurinn. Hann féll frá á besta aldri. Ég eignaðist annan son árið eftir í desember 2005. Var greinilega komin í barneignastuð á fimmtugsaldri.”

Hér er gott að vinna og búa

Margir úr hópi viðskiptavina Irisar eru af Nesinu en þó nokkrir koma lengra að. “Það fylgdu mér margir viðskiptavinir mér hingað á Nesið og koma enn á Salon Nes á Austurströnd 12. Að auki hafa margir nýir bæst í hópinn og koma til mín reglulega,” segir Iris. Stofan hennar minnir á heimili. Jafnvel vinnustofu listamanns. “Ég kys að hafa svoltið heimilislegt hér á stofunni minni. Bæði vegna þess að ég er hér allan daginn, en líka fyrir viðskiptavininn. Margir hafa líka haft orð á því hvað það sé notalegt að koma til mín í klippingu. Nú er dóttir mín að læra hárið. Ef til vill eigum við eftir að starfa saman. Ég á þrjá bræður, þrjú börn tvö barnabörn. Ég kann best við mig ein að öðru leyti. Ég er eflaust svo sjálfstæð. En hér er bæði gott að vinna og gott að búa.”

Kósý jól í Systrasamlaginu

Tarotspil, kerti & reykelsi
Allt sem þú þarft til galdra og gleðjast.



Möntruskart & kristalseyralokkar
Tófrandi skart.



Ómótstæðileg kosýföt
Vinsæli lífræni jóga/kosý samfestingurinn.



Hugleiðslupúðar
Einstök gæði. Lífið er núna.



Cacao & trúnó
Kíktu í cacao, kaffi, túrmeriklette og annað góðgæti á Boðefnabarnum.



Kork jógaðýnur
Sterkar, umhverfisvænar og fallegar.



Gjafabréf er gullmoli
Fyrir gjafabréf Systrasamlagsins getur fengið allt þetta og meira til.



Möntrubollar
Taumlaus fuguró og gæði.



Afgreiðslutími í desember.
Mán: 11.00-16.00
Þri-fös: 11.00-18.00
Lau: 11.00-16.00

Systrasamlagið
Óðinsgötu 1
Sími: 511 6367
www.systrasamlagid.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlendum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

BYKO**98
ljósa****LED útisería**
SYSTEM 24, 10m,
samtengjanleg.**7.595**

51880401

**49
ljósa****LED útisería**
SYSTEM 24, 3x0,4m,
samtengjanleg.**5.795**

51880402

**Vinsæl
vara
ár eftir ár**

Hægt að tengja saman í lengjur allt að 3.000 ljósum.
Warm white, cool white og mislitar. Bæði til beinar og sem
grýlukerti (isicle). SYSTEM 24 er 24 volta kerfi og er því
einstaklega orkusparandi. Perurnar eru höggþolnar og
líftími getur orðið allt að 20.000 stundir. Hentar vel þeim
sem vilja gera meira úr lýsingunni.

Samtengjanlegar útiseríur

SYSTEM 24**180
ljósa****Útisería**

LED Golden 12m.

3.595

51881038

**360
ljósa**

LED Golden 25m.

5.295

51881034

**Kastari**LED ljós,
warm white.**5.695**

51880971

**Lýstu
upp
garðinn**

Liandi greinar

895

41140122

*Viðbrögð við Covid-19***Afgreiðslutími Granda**Virkir dagar **8-20**Laugardagar **10-18**Sunnudagar **10-18***Þú getur séð afgreiðslutíma
annarra BYKO verslana á byko.is***30
ljósa****Útisería**LED warm white með
glærri snúru.**2.795**

51880728

**90
ljósa****Útisería**LED warm white með
glærri snúru.**1.895**

51880727

BLÁR 19. nóvember
FIMMTUDAGURFylgstu með tilboðum á
facebook og á byko.is**BYKO**
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Friðrik Friðriksson skrifar

Lækningaminjasafnið verður Náttúruhús

Frágengið er að Ríkissjóður Íslands hefur keypt Lækningaminjasafnið við Safnatröð 5 af Seltjarnarnesbæ, en húsið hefur staðið fohelt um árabíl. Það eru góð tíðindi. Sá sem þetta ritar var fulltrúi Seltjarnarnesbæjar í úttektaþróun sem mennta- og menningarmálaráðherra skipaði sumarið 2019. Hópurinn fékk það verkefni að kanna hversu fýsilegt það gæti verið að hýsa Náttúruminjasafni Íslands í Lækningaminjasafninu og flytja starfsemina alfarið á Nesið. Hópurinn svaraði jákvætt tveimur aðalspurningum. Getur þetta húsnæði og svæði orðið framtíðaradsetur Náttúruminjasafnsins sem verið hefur á hrakhólum húsnæðislega um árabíl? Hins vegar, er það fjárhagslega hagkvæmt fyrir Ríkissjóð að kaupa húsið eins og það er, fullklára það og gera fullbúið til sýningarhalds? Til viðbótar stofnkostnaði er verulega árlegur kostnaður við rekstur safnsins sem lendir alfarið á Ríkissjóði.

Í samningnum tekur Ríkissjóður að sér uppgjör við læknafélögin tvö sem lögðu til framlag í húsið og einnig fellur niður krafa Ríkissjóðs vegna eigin framlags. Þeir fjármunir sem Seltirningar hafa lagt til þessa hús nýttast sem innviðaupbygging í lóðarframkvæmdum og lögnum svo eitthvað sé nefnt auk tekna sem bærinn hefur af þessari starfsemi til langs tíma með beinum og óbeinum hætti.

Náttúruminjasafn Íslands er eitt þriggja höfuðsafna landsins, auk Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands, stofnað árið



2007 og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Náttúrufræðistofnun Íslands, sem stofnuð var 1965 og hefur grunnrannsóknir á náttúru Íslands að meginhlutverki en ekki sýningahald, er systurstofnun Náttúruminjasafnsins og er, líkt og safnið, afsprengi Hins íslenska náttúrufræðisfélags sem stofnað var 1889. Náttúrufræðistofnun sinni sýningahaldi á Hlemmi frá 1967 til 2008 er sýningunni var lokað og stofnunin flutti í Garðabæ. Lok sýningarinnar á Hlemmi hélst í hendur við þá ákvörðun stjórnvalda að stofna þriðja höfuðsafnið, Náttúruminjasafn Íslands, sem hefði fræðslu og miðlun með sýningahaldi að meginhlutverki.

Meginhlutverk safnsins er miðlun þekkingar og fróðleiks um náttúru Íslands með sýningahaldi, útgáfu og öðrum hætti og í því skyni stundar safnið rannsóknir, safnar munum, skráir þá og varðveitir. Það er því fyrst núna með ákvörðun um að hafa höfuðstöðvarnar á Seltjarnarnesi, að möguleikar safnsins á að starfrækja

lögboðin hlutverk sín rætist með viðunandi hætti. En auk starfsemi á Nesinu mun Náttúruminjasafnið áfram starfrækja sýningu sína í Perlunni, Vatnið í náttúru Íslands. Við þetta má bæta að allt landið og náttúra í víðasta skilningi þess orðs er undir í starfsemi Náttúruminjasafnsins. Þannig stefnir Náttúruminjasafnið einnig að sýningahaldi og samstarfi við aðila úti á landi.

Nýtt safn á Safnatröð 5

Mikil tækifæri felast í að útfæra starfsemi Náttúruminjasafnsins á Nesinu. Frábæra staðsetningu þekkjum við. Mikil nánd við náttúruna – hafið, ströndina, fjöruna og friðlýst svæði í Gróttu og við Bakkatjörn. Samt er svæðið innan seilingar og skammt frá þéttbýliskjarna höfuðborgarsvæðisins og miðstöð þjónustu. Afar fá náttúrufræðisófn ef nokkurt búa við slíkar aðstæður og í raun má halda því fram að þetta sé draumastaður fyrir safn sem fæst við náttúruna.

Efnistöð sýningarinnar í húsinu eru í mótun en vegna nálægðar við hafið og merkilegar fornleifar og mannvistarminjar á svæðinu, sem



Friðrik Friðriksson.

sumar eru frá því fyrir landnám, gæti meginþema sýningahaldsins líklega snúast um málefni hafnsins, lífríki sjávar og strandar, sjósókn og strandmenningu. Í húsinu gæti orðið glæsileg, nýstárlega og fræðandi sýning sem dregur til sín gesti hvaðanæva að og jafnast á við það besta sem gerist í nágrannalöndunum. Safnið hefur enda allt til að búa þannig í haginn fyrir starfsemina – stórkostlega náttúru, einstaka náttúrumuni á heimsvísu, frábæra náttúrufræðinga, hönnuði og sérfræðinga í safnkennslu og margmiðlunartækni. Einnig hefur verið nefndur mjög áhugaverður möguleiki á útikennslu fyrir skóla á svæðinu sem safnkennarar Náttúruminjasafnsins myndu sinna, mögulega með því að nýta fræðasetrið í Gróttu.

Annað áhugavert sýningaþema gæti tengst aðsetri fyrsta landlæknisins í Nesstofu, Bjarna Pálssonar, þar sem fjallað yrði um tengslin milli náttúru- og læknávisinda, m.a. með áherslu á starf frumkvöðla á því sviði, svo sem Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Einnig gæti verið áhugavert að fjalla um það nýjasta sem er að gerast á þessu sviði – hátæknilegar rannsóknir í sameindalíffræði og erfðafræði þar sem fengist er við þróun og fjölbreytileika lífs.

Það er varla vafa bundið að þessi niðurstaða fellur mjög að sýn flestra íbúa á Nesinu á náttúruvernd og skynsamlega nýtingu náttúrunnar. Hið nýja safn styrkir vestursvæðin til framtíðar. Náttúrufræði, Lyfjafræði, Nesstofa, fræðasetrið í Gróttu ásamt einstakri náttúru rammast allt inn í nýrri framtíðarsýn. Nú verður það stjórnvalda að ákveða framkvæmdahraðann við að fullklára húsið við Safnatröð 5 og koma starfsemi safnsins fyrir. Vonandi verður það sem fyrst.

Höfundur er hagfræðingur og Nesbúi.

coral[®] Dyra og hreinsimottur
Stoppar 90% óhreininda

KJARAN
SIDUMULA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Forbo
FLOORING SYSTEMS

Stöndum saman vörð um grunnþjónustuna

Nú stendur yfir fjárhags-áætlanagerð Seltjarnarnesbæjar og hefur oft verið skemmtilegra að taka þátt slíkri vinnu. Síðastliðin ár hafa skatttekjur ekki standið undir rekstri bæjarins og gripið hefur verið til allskyns þjónustuskerðinga og gjaldskrárhækkana til að bregðast við en samt stefnir aftur í hallarekstur í ár. Núverandi tekju- og útgjaldamódel sveitarfélagsins er þar af leiðandi ekki sjálfbært og stendur ekki undir sér. Samráð meiri- og minnihluta er svo takmarkað að því leiti að meirihlutinn er fastur í því að ekki megi hrófla við útsvarsprósentunni og þar með snýst samtalið um hvar á að draga saman en ekki hvar á að sækja fram.

Við síðustu fjárhagsáætlunargerð lagði minnihlutinn fram tillögu um að færa útsvarsprósentuna upp í sömu prósentu og innheimt er í Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ eða úr 13.70% yfir í 14.48%. Hægt er að fletta upp rökstuðningi okkar fyrir breytingunni en í stuttu máli snerist hann um að ef innheimt væri sama útsvar og í nágrennasveitarfélögunum hefði bærinn ekki þurft að safna upp jafn miklum skuldum og hægt væri að standa vörð um þá þjónustu sem íbúar vilja halda úti. Við munum aftur leggja til sömu útsvarsbreytingu sem mun skila sveitarfélaginu 150-200 milljónir aukalega á næsta

ári. Nauðsynlegt er að snúa við niðurskurðaráætlun meirihlutans, standa vörð um grunnþjónustu við íbúa og sækja fram í fræðslumálum með því að efla öll skólastigin og snúa við niðurskurði í frístundastarfinu.

Covid kreppan er atvinnukreppa þar sem sumir missa tekjur og atvinnu á meðan aðrir halda velli eða fá hreinlega ríflegar launahækkanir. Covid ástandið kallar á aukna þjónustu sveitarfélaga við íbúa sína og því er eðlilegt að við sem höldum okkar tekjum séum tilbúin að leggja 0.78% meira til samfélagsins til þess að styðja við nágrenna okkar sem þurfa aukinn stuðning, við eldri



Guðmundur Ari Sigurjónsson.



Sigurþóra Bergsdóttir.

borgara bæjarins sem þurfa aukna þjónustu og að börnin okkar fái áfram aðgang að framúrskarandi skóla-, íþrótt og frístundastarfi.

Guðmundur Ari Sigurjónsson og Sigurþóra Bergsdóttir, bæjarfulltrúar Samfylkingar Seltírnina

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Hundaeigendur athugið!



Vinsamlegast athugið að skylt er að skrá hunda hjá Seltjarnarnesbæ, skráningareyðublað má finna á mínum síðum á heimasíðu bæjarins.

Að gefnu tilefni er áréttað að lausaganga hunda er bönnuð í Seltjarnarnesbæ og að á almannaferi er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund/hunda sína á tryggilegan hátt. Um skyldur hundaeigenda almennt, eftirlit með hundahaldi og fleira er nánar fjallað í samþykkt um hundahald í Seltjarnarneskaupstað nr. 579/2008, sem hægt er að nálgast á heimasíðu bæjarins.

Hægt er að koma fyrirspurnum og ábendingum á framfæri á netfangið postur@seltjarnarnes.is. Einnig er hægt að hafa samband við þjónustuver Seltjarnarnesbæjar í síma 595 9100.





Tinna og Sigrún á Ítalíu

Knattspyrnukonurnar Tinna Bjarkar Jónsdóttir, fyrri liði Gróttu, og Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir gerðu nýlega lánessamning við ítalska liðið Apulia Trani sem leikur í Serie C. Stelpurnar héldu til Trani á Ítalíu í október en báðar framlengdu samninga sína við Gróttu á dögunum.

Tinna er uppalin í Gróttu og hefur leikið 75 leiki fyrir félagið og skorað í þeim 35 mörk. Hún hefur verið lykilleikmaður frá því að meistaraflokkur var settur á laggirnar árið 2016 og er leikjahæsta Gróttukonan ásamt Diljá Mjöll Aronsdóttur. Sigrún er alin upp í Þór og Þór/KA en hefur verið lykilleikmaður í Gróttu síðustu þrjú tímabil. Knattspyrnudeild Gróttu óskar stelpunum innilega til hamingju með þetta spennandi tækifæri og hlakkar til að fylgjast með þeim blómstra á Ítalíu.

Íslandsmótið í knattspyrnu blásið af



Mynd: Eyjólfur Garðarsson.

Áhorfendur hvetja Gróttu úr stúkunn.

Nú er orðið ljóst að knattspyrnutímabilinu er formlega lokið. Sumarið 2020 mun seint gleymast - karlaliðið í fyrsta sinn í Pepsi Max og kvennaliðið í fyrsta sinn í Lengjudeildinni.

Knattspyrnuhreyfingin mætti mörgum áskorunum vegna heimsfaraldursins en við hjá knattspyrnudeild Gróttu erum stolt af leikmönnum okkar, þjálfurum, starfsmönnum og sjálfboðaliðum fyrir það hvernig þau tókust á við það mótlæti. Pepsi Max ævintýrinu er lokið í bili og munu báðir meistaraflokkarnir okkar spila í Lengjudeildinni að ári. Við hlökkum til næstu verkefna og komum sterkari til leiks þegar að því kemur. Þökkum Seltirningum og stuðningsmönnum okkar innilega fyrir stuðninginn í sumar og hlökkum til að sjá Nesbúa í stúkunn næsta sumar.


SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐARMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður feugar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í görðum sínum. Þar sem gróðurinn vex ár hvert er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðarmörk eða slúti þannig yfir að hætta stafi af.

Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umferðarmerki, götumerkingar eða jafnvel götulýsingu.

Snyrta þarf gróður og klippa þannig að hvers konar umferð gangi greiðlega. Best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki lafuguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.



As We Grow blæs til sóknar

Íslenska fatahönnunarkerkið As We Grow er að blása til sóknar. Fyrirtækið stendur undir nafni og stækkar nú verslun og vörulínu As We grow hefur vaxið jafnt og þétt síðastliðin ár og er nú búð að festa sig í sessi sem eitt helsta barnafatamerkið á markaðnum í dag. Sagan um peysuna sem íslensk móðir þrjónaði á son sinn og fór á flakk um heiminn í áráraðir, er á margra vitorði í dag, en peysan er enn í notkun.



Þetta var kveikjan að stofnun As We Grow árið 2012, en frá upphafi hefur fyrirtækið haft nærgætni við umhverfið og sjálfbæra framleiðslu að leiðarljósi. As We Grow er eina íslenska fatahönnunarkerkið sem hefur hlotið Hönnunarverðlaun Íslands, sem eru æðstu verðlaun á sviði hönnunar og jafnframt hlotið hin virtu Junior Design Awards mörg ár í röð bæði fyrir hönnun og umhverfisvitund.

Fyrirtækið hefur nú blásið til sóknar og fékk nýverið einn hæsta styrkinn frá Hönnunarmiðstöð Íslands til að þróa nýja fullorðinslínu, en hingað til hefur mesta áherslan verið lögð á barnafatnað.

Verslunin í Garðastræti 2 hefur nú verið stækkuð ásamt auknum umsvifum erlendis, en merkið hefur vakið mikla athygli víða erlendis og þá einkum í Asíu. Þá er gaman að segja frá því að eitt þekktasta tískumerki í heimi hafði samband í sumar og tók upp auglýsingu með fatnaði frá As We Grow, sem er mikil viðurkenning og hvatning.

Mikil vinna hefur verið lögð í að þróa og bæta íslenska vefverslun As We Grow undanfarna mánuði og hefur netsalan margfaldast í kjölfarið. Með því hefur fyrirtækinu tekist að koma enn frekar til móts við þarfir viðskiptavina, en til jóla verður boðið upp á fríar heimsendingar sem hafa mælst mjög vel fyrir.

Húsfélagabjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundur
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta

• EIGNAUMSJÓN www.eignaumsjon.is

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun

WWW.ASWEGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opíð: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar

legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI